

194. fundur sveitarstjórnar Bláskógabyggðar haldinn fimmtudaginn 2. febrúar 2017, kl. 15:15 í Aratungu

Mætt voru:

Helgi Kjartansson, Valgerður Sævarsdóttir, Óttar Bragi Práinsson, Kolbeinn Sveinbjörnsson, Guðrún S. Magnúsdóttir, Eyrún M. Stefánsdóttir, Bryndís Á. Böðvarsdóttir, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri og Sigurrós H. Jóhannsdóttir, sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerðir til staðfestingar:

- 1.1. 179. fundur byggðaráðs Bláskógabyggðar.
Varðandi dagskrárlið 2.7, þá gerir sveitarstjórn Bláskógabyggðar engar athugasemdir við drög að reglugerð um eldvarnir og eldvarnareftirlit. Að öðru leyti samþykkir sveitarstjórn fundargerðina samhljóða.
- 1.2. 125. fundur skipulagsnefndar ásamt afgreiðslum byggingarfulltrúa frá 4. janúar 2016 – 17-45.

Mál nr. 1; Skálabrekka lóð: Umsókn um byggingarleyfi: Sumarhús og bátaskýli: Kæra til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála – 1602052.

Lagður fram til kynningar úrskurður Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 30. desember 2016 um kæru varðandi endurnýjun byggingarleyfis fyrir byggingu sumarhúss og bátaskýlis á lóð í Skálabrekku með lnr. 196048. Niðurstaða málsins var að því var vísað frá úrskurðarnefndinni.

Mál nr. 2; Brúarhvamur lóð 1 lnr 167225 og lóð 2 lnr 174434: Deiliskipulagsbreyting – 1608035.

Lögð fram lagfærð tillaga að breytingu á deiliskipulagi Brúarhvamms sem auglýst var frá 13. október til 25. nóvember 2015. Athugasemd barst við auglýsta tillögu og til að koma til móts við hana er tillagan lögð fram með breytingum á lóðarmörkum. Hefur breytt tillaga verið kynnt þeim sem gerðu athugasemdir og liggur fyrir að fallið er frá fyrri athugasemd, sbr. meðfylgjandi tölvupóstur dags. 3. janúar 2017. Þá hafa verið gerðar minniháttar breytingar til að koma til móts við ábendingar sem fram koma í umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Í ljósi þess að fallið hefur verið frá athugasemd samþykkir sveitarstjórn Bláskógabyggðar deiliskipulagsbreytinguna með ofangreindum breytingum, með fyrirvara um nýja umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

Mál nr. 3; Þingvallasveit: Ákvæði um deiliskipulag: Aðalskipulagsbreyting – 1612009.

Lögð fram umsögn Skipulagsstofnunar dags. 5. janúar 2017 um lýsingu breytingar á aðalskipulagi Bláskógabyggðar fyrir Þingvallasveit sem kynnt var 15. desember 2016. Markmið aðalskipulagsbreytingarinnar er að fella út ákvæði um að ekki megi gefa út byggingarleyfi á svæðinu nema á grundvelli deiliskipulags. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar felur skipulagsfulltrúa að kynna breytingu á aðalskipulagi skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga og leita umsagnar þeirra aðila sem vísað er til í umsögn Skipulagsstofnunar.

Mál nr. 4; Höfði II lnr. 211605: Höfði IIb: Stofnun lóðar – 1701015.

Lögð fram umsókn Erlendar Hjaltasonar dags. 5. janúar 2017 um stofnun 3.000 fm lóðar utan um skemmu sem stendur á landinu Höfði II lnr. 211605.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar með fyrirvara um að á lóðablaði komi fram kvöð um aðkomu að nýrri lóð. Ekki er gerð athugasemd við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga.

Mál nr. 5; Efri-Reykir 167080: Hótelbygging og baðlón: Fyrirspurn – 1610007.

Lögð fram endurskoðuð tillaga að deiliskipulagi svæðis úr landi Efri-Reykja sem ætlað er til uppbyggingar hótels- og baðlóns. Gerðar hafa verið breytingar til að koma til móts við athugasemdir sem fram koma í afgreiðslu nefndarinnar á fundi 22. desember 2016. Hefur byggingarreitur verið færður fjær Brúará, gert er ráð fyrir hreinsivirki, starfsmannahúsum fækkað og fyrirhugaður þyrlupallur felldur út.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar gerir ekki athugasemd á þessu stigi við tillöguna og felur skipulagsfulltrúa að leita umsagna Umhverfisstofnunar, Minjastofnunar, Fiskistofu, Vegagerðarinnar og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

Mál nr. 13; Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 17 – 45 – 1701001F.

Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 4. janúar 2017 lagðar fram til kynningar.

- 1.3. 126. fundur skipulagsnefndar ásamt afgreiðslum byggingarfulltrúa frá 18. janúar 2016 – 16-46.

Mál nr. 3; Efsti-Dalur 2 lnr. 167631: Lóð undir íbúðarhús: Deiliskipulagsbreyting – 1701028.

Lögð fram umsókn Snæbjörns Sigurðssonar dags. 9. janúar 2017 um breytingu á deiliskipulagi Efsts-Dals. Í breytingunni felst að afmörkuð er 1.456 fm lóð utan um gamla íbúðarhúsið auk þess sem gert er ráð fyrir stækkun þess til suðurs.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar gerir ekki athugasemd við breytinguna og er hún að mati sveitarstjórnar óveruleg. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir hana skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga og þar sem hún hefur ekki áhrif á aðra hagsmunaaðila en umsækjendur er ekki talin þörf á grenndarkynningu. Við stofnun lóðar er ekki gerð athugasemd við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga.

Mál nr. 4; Brú lóð 167223: Afmörkun og staðsetning lóðar – 1509089.

Lagt fram erindi Margeirs Ingólfssonar dags. 18. janúar 2017 varðandi bókun skipulagsnefndar dags. 7. janúar 2016 um afmörkun og staðsetningu lóðarinnar Brú lóð 167223.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar telur sig ekki geta staðsett ofangreinda lóð með nákvæmum hætti en felur skipulagsfulltrúa að hafa samráð við þjóðskrá og embætti sýslumanns varðandi hvort óhætt sé að stofna lóðir í samræmi við gildandi deiliskipulag og falla þar með frá bókun sveitarstjórnar frá 7. janúar 2016.

Mál nr. 5; Litla-Fljót: Íbúðarhúsaloðir nr. 3 (lnr. 209360= og nr. 4: Deiliskipulagsbreyting – 1701040.

Lögð fram að nýju tillaga að breytingu á deiliskipulagi tveggja íbúðarhúsaloðar úr landi Litla-Fljóts. Í gildandi deiliskipulagi eru lóðirnar tvær 8.800 fm að stærð en skv. breytingu stækka þær upp í annarsvegar 15.500 fm og hinsvegar 17.900 fm. Sambærileg breyting var samþykkt á fundi skipulagsnefndar þann 31. október

2013 með fyrirvara um samþykki landeigenda. Sú breyting tók þó aldrei formlega gildi og er því lögð fram að nýju. Að mati sveitarstjórnar Bláskógabyggðar er breytingin óveruleg og samþykkir hana skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um grenndarkynningu fyrir lóðarhöfum og landeigenda.

Mál nr. 6; Bjarkarbraut 4 lnr. 224445: Niðurrif og uppbygging á lóð: Fyrirspurn – 1701039.

Lögð fram fyrirspurn Áslaugar Harðardóttur og Guðmars Elís Pálssonar dags. 12. janúar 2017 um hvort að heimilt yrði að rífa húsið sem stendur á lóðinni Bjarkarbraut 4 á Laugarvatni (Mörkin) og þá einnig með hvaða hætti mætti byggja upp á lóðinni að nýju. Meðfylgjandi erindi er ástandsmat Björgvins Þórs Harðarsonar húsasmíðameistara á eigninni. Í gildandi deiliskipulagi er ekki afmarkaður byggingarreitur utan um núverandi hús heldur eingöngu gert ráð fyrir uppgerð hússins. BLS. 23 í greinargerð.

Skipulagsnefnd telur að ekki sé hægt að taka afstöðu til þess hvort að heimilt verði að rífa húsið þar sem ekki hefur verið ákveðið hvort breyta eigi skilmálum núverandi deiliskipulags. Nefndin beinir því til sveitarstjórnar að skoða hvort að endurskoða þurfi núverandi skilmála.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar telur að rétt sé að endurskoða núverandi skilmála lóðarinnar og sambærilegra lóða. Sveitarstjórn felur skipulagsfulltrúa að kanna afstöðu lóðareigenda til þeirrar vinnu.

Mál nr. 7; Hakið: Þingvellir: Aðkoma að þjóðgarði: Stækkun bílastæða: Deiliskipulagsbreyting – 1608015.

Lögð fram að lokinni auglýsingu tillaga að breytingu á deiliskipulagi við Hakið á Þingvöllum sem felst í að gert er ráð fyrir nýju bílastæði vestan við Hakið með allt að 285 bílastæðum auk þess sem fyrirkomulag núverandi stæða breytist. Þá er gert ráð fyrir tveimur nýjum salernisbyggingum, allt að 150 og 100 fm að stærð, við ný bílastæði. Að auki stækkar lóð og byggingarreitur starfsmannahúss (lóð c) og gert ráð fyrir nýrri þjónustuleið að þjónustumiðstöð. Tillagan var auglýst 13. október 2016 með athugasemdafresti til 25. nóvember 2016. Engar athugasemdir bárust aðrar en þær sem fram koma í umsögnum Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Umhverfisstofnunar. Er tillagan lögð fram með breytingum til að koma til móts við umsögn Heilbrigðiseftirlitsins sem m.a. felur í sér að borhola er felld út, afmarkað er vatnsverndarsvæði og bætt er við ákvæðum varðandi bílastæði og upplýsingum um lagnir.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir deiliskipulagsbreytinguna með ofangreindum breytingum, með fyrirvara um nýja umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

Mál nr. 21; Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 17 – 46 – 1701003F.

Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 18. janúar 2017 lagðar fram til kynningar.

- 1.4. 21. fundur atvinnu- og ferðamálanefndar Bláskógabyggðar.
Fundargerð samþykkt samhljóða.

2. Fundargerðir lagðar fram til kynningar:

- 2.1. 2. fundur starfshóps vegna viðræðna um kosti og galla sameiningar sveitarfélaga í Árnessýslu.

3. Uppbygging ljósleiðarakerfis; Ísland ljóstengt 2017.

Oddviti kynnti stöðu mála eftir að tilboð sveitarfélaga um verkefni B-hluta voru opnuð þann 1. febrúar s.l.

4. Skipulagsmál:

4.1. Tillaga að aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015 - 2027.

Lögð fram lagfærð tillaga að aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 þar sem komið er til móts við athugasemdir og ábendingar Skipulagsstofnunar sem fram komu í bréfi stofnunarinnar dags. 19. ágúst 2016. Fulltrúar stýrihóps í sveitarstjórn fóru yfir helstu breytingar sem gerðar hafa verið á tillögunni. Nauðsynlegt er að gera lagfæringar á gögnum til samræmis við umræður á fundinum og fram koma í vinnuskjali. Stefnt á að halda aukafund vegna aðalskipulagsins þann 16. febrúar n.k. og verða ráðgjafar og skiplagsfulltrúi boðaðir á fundinn.

4.2. Fyrirhugað deiliskipulag í landi Litla-Fljóts; vegtengingar.

Vísað er til bókunar sveitarstjórnar Bláskógabyggðar á 193. fundi, dagskrárliður 4.1. Lagður fram uppdráttur sem sýnir nýja heimreið að Litla-Fljóti og aðkomu að nýjum lögbýlum á Borgarási.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar gerir ekki athugasemdir við framlagða tillögu að aðkomuvegi og telur hana koma til móts við sjónarmið sveitarstjórnar í fyrrnefndri bókun sveitarstjórnar á 193. fundi hennar.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar hvetur aðila að kynna hugmyndina fyrir Vegagerðinni sem fyrst, þannig að afstaða hennar liggi fyrir við frekari vinnu við deiliskipulag svæðisins á Borgarási.

4.3. Hugmyndir að staðsetningu nýs leikskóla í Reykholti.

Kynntar hugmyndir VA arkitekta um staðsetningu nýs leikskóla í Reykholti.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að skipa stýrihóp vegna áframhaldandi vinnu við verkefnið. Eftirtaldir aðilar úr sveitarstjórn eru skipaðir í vinnuhópinn.

Helgi Kjartansson

Bryndís Á Böðvarsdóttir

Eyrún M Stefánsdóttir

Með vinnuhópnum starfi skólastjóri Leikskólans Álfaborgar, skólastjóri Bláskógaskóla Reykholti og sveitarstjóri.

5. Heilsueflandi samfélag; minnisblað oddvita dags. 30. janúar 2017.

Lagt fram minnisblað Helga Kjartanssonar, oddvita, dags. 30. janúar 2017.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að undirbúa umsóknarferli um heilsueflandi samfélag. Til að undirbúa það ferli samþykkir sveitarstjórn Bláskógabyggðar samhljóða að skipa stýrihóp þar sem valdir verði fulltrúar úr skólastofnunum innan sveitarfélagsins, sveitarstjórn, heilsugæslunni Laugarási og fulltrúi eldri borgara. Jafnframt verði Helga Kristín Sæbjörnsdóttir fengin til að stýra og vinna með stýrihópnum. Stefnt skuli að því að hægt verði að skrifa undir samkomulag um Bláskógabyggð sem heilsueflandi samfélag við Landlæknisembættið á komandi sumri.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar skipar Valgerði Sævarsdóttur sem fulltrúa sveitarstjórnar í stýrihópinn.

6. Innsend bréf og erindi:

- 6.1. Erindi frá systkinunum í Heiðmörk, Laugarási, dags. 22. janúar 2017; uppsetning brúsapalls í Laugarási í minningu bræðranna, Reynis og Þórs, frá Heiðmörk. Lagt fram erindi frá systkinunum í Heiðmörk þess efnis að þau óska eftir heimild til að reisa brúsapall í Laugarási til minningar um bræðurna Reynis og Þórs frá Heiðmörk. Staðsetning væri við suðurenda Skógargötu, nærri spennustöð RARIK á mörkum Skúlagötu og Skógargötu. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að veita bréfriturum umbeðna heimild, en óskar eftir því að samráð verði haft við sviðsstjóra Framkvæmda- og veitusviðs Bláskógabyggðar um endanlega staðsetningu brúsapallsins.
- 6.2. Tölvuskeyti frá sviðsstjóra Framkvæmda- og veitusviðs Bláskógabyggðar, dags. 30. janúar 2017; hleðslustöðvar fyrir rafbíla. Lagt fram tölvuskeyti sviðsstjóra Framkvæmda- og veitusviðs þar sem kynntur er kostnaður við að festa kaup á tveimur hleðslustöðvum, sambærilegum og Orkusalan gaf Bláskógabyggð fyrir skemmstu. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að fresta erindinu.
- 6.3. Bréf Helga Jakobssonar, dags. 14. janúar 2016; fyrirspurn um lóð í Reykholti. Lagt fram bréf Helga Jakobssonar þar sem lýst er yfir áhuga á kaupum á landspildu / óskráðri lóð í Reykholti neðan við Gufuhlíð lóð 1 Nr. 201040. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að að fara í viðræður við bréfrítara um umrædda landspildu. Niðurstöður þeirra viðræðna verða lagðar fyrir sveitarstjórn til afgreiðslu.
- 6.4. Bréf Íþróttasambands Lögreglumanna, dags. 30. janúar 2017; styrkbeiðni. Lagt fram bréf Íþróttasambands Lögreglumanna þar sem óskað er eftir fjárstyrk vegna útgáfu bæklinga vegna verkefnisins“Eftir einn ei aki neinn“. Erindinu hafnað.
- 6.5. Tölvuskeyti nemenda í 8. – 10. bekk á Laugarvatni, dags. 26. janúar 2016; beiðni um styrk við útgáfu skólablaðs með kaupum á auglýsingu. Lagt fram tölvuskeyti nemenda í 8. – 10. bekk Bláskógaskóla, Laugarvatni. Óskað er eftir að sveitarfélagið kaupi auglýsingu í skólablaði skólans og styrki með þeim hætti útgáfu blaðsins. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að kaupa hálftrar síðu auglýsingu í blaðinu að upphæð kr. 15.000.
- 6.6. Tölvuskeyti Garðyrkjufélags Íslands, dags. 25. janúar 2017; styrkbeiðni. Lagt fram tölvuskeyti Garðyrkjufélags Íslands þar sem óskað er eftir styrk við útgáfu ritisins Garðurinn með kaup á auglýsingu. Erindinu hafnað.

7. Trúnaðarmál.

Fært í trúnaðarmálabók.

Fundi slitið kl. 20:40.

Helgi Kjartansson, oddviti

Valgerður Sævarsdóttir

Óttar Bragi Þráinsson

Kolbeinn Sveinbjörnsson

Guðrún S. Magnúsdóttir

Eyrún M. Stefánsdóttir

Bryndís Á. Böðvarsdóttir

Valtýr Valtýsson

Sigurrós H. Jóhannsdóttir